



884. fundur stjórnar GSÍ, 19. janúar 2017 kl.17:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Bergsteinn Hjörleifsson, Eggert Á. Sverrisson. Hansína Þorkelsdóttir, Kristín Guðmundsdóttir, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Brynjar Eldon Geirsson ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt og undirrituð

2. "Deildir" innan GSÍ og staða þeirra innan GSÍ

Forseti fór yfir samstarf við þau samtök sem falla undir skilgreininguna "deild" skv. 19 gr. laga GSÍ og kynnti það fyrirkomulag sem hingað til hefur verið í gildi og forsendur stuðnings GSÍ við þau. Forseti lagði fyrir tillögur sem sneru að framtíðar samstarfi LEK og PGA. Tillögur varðandi LEK sneru að því að á árinu 2017 yrðu landslið eldri kylfinga í karla- og kvennaflokki send á Evrópumót eldri kylfinga sem haldin verða á vegum EGA. Liðin hafa þegar verið valin á grundvelli stigalista LEK 2016 og munu þau keppa fyrir Íslands hönd í mótunum tveimur. LEK ber kostnað af þátttöku liðanna. Þá var lagt til að hefja ætti viðræður um þátttöku íslenskra landsliða eldri kylfinga í EGA mótum í framtíðinni. Tillagan var samþykkt og verður vísað til afreksnefndar.

Forseti kynnti drög að samningi við PGA um samtarf til næstu þriggja ára. Drögin voru lögð fyrir fundinn og að loknum umræðum voru þau samþykkt. Forseta var falið að leggja samningsdrögin fyrir PGA til samþykktar.

Einnig var rætt um önnur samtök sem falla undir skilgreiningu 19 gr., þ.e. SÍGÍ og GSFÍ. Forseti upplýsti stjórnarmenn um að fundur með GSFÍ hafi verið boðaður þann 25. janúar og að tilgangur fundarins væri að ræða framtíðar samstarf.

3. Starfsnefndir stjórnar GSÍ

Forseti fór yfir þá vinnu sem hefur staðið yfir undanfarnar vikur í kringum það að skerpa á hlutverki starfsnefnda og innra skipulagi GSÍ. Fundarmenn voru beðnir um að kynna sér gögn þessu tengt og fjallað yrði efnislega um breytingar á nefndarvinnu á næsta stjórnarfund. Bergsteinn Hjörleifsson benti á að einhverjar hreyfingar á fjármagni milli sviða yrðu nauðsynlegar ef þetta yrði niðurstaða stjórnar.



4. Málefni Forskots

Forseti fjallaði um gengi afrekskyflinga Forskots á liðnu ári og þann aukna áhuga annarra fyrirtækja á því að koma inn í sjóðinn sem stuðningsaðilar og ganga þannig til liðs við þau fyrirtæki sem þar fyrir eru. Einnig kynnti Forseti fundarmönnum fyrir því hvernig staðið hefði verið að úthlutun fyrir árið 2017 og hvaða kylfingar hefðu hlotið stuðning þetta árið.

5. Samstarfsaðilar - nýir samningar 2017

Tveir samningar samstarfsaðila eru nú útrunnir en unnið er að því að endurnýja samninga við þau fyrirtæki og ríkir bjartsýni um að það takist enda samstarfið verið gott. Lögð verður áhersla á vormánuðum að fá samstarfsaðila til framtíðar á efstu deildir karla og kvenna fyrir Íslandsmót golfklúbba.

Forseti tilkynnti stjórn að undirritaður hefði verið fjögurra ára samningur við Altis, sem er umboðsaðili fatamerkisins Cross. Félagið verður samstarfsaðili GSÍ varðandi fatnað næstu árin og munu íslensk landslið leika í Cross fatnaði á samningstímanum.

6. Önnur mál

- Forseti kynnti 75 ára afmælis lógó GSÍ sem hannað var af þessu tilefni. Skipuð hefur verið afmælisnefnd sem mun sjá til þess að koma að þeim viðburðum sem afmælisárinu tengjast. GSÍ er elsta sérsambandið innan ÍSÍ og er mjög stolt af því.
- Úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ, rædd voru málefni úthlutunar úr afrekssjóði ÍSÍ og hvernig horfur GSÍ eru varðandi frekari úthlutun.

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir á fundinum og honum slitið kl. 19:45